



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Selfossi, 31. maí 2021

Efni: Umsögn um Hvítbók um byggðamál, mál nr. 115/2021.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga fagna því mikla samráði sem viðhaft hefur verið við mótun og endurskoðun áætlunar um byggðamál. Samráð sem hófst í byrjun júní 2020 og hefur staðið yfir síðan en fjölmargir fundir hafa verið haldnir með hagaðilum.

Vönduð vinnubrögð og aukið samstarf og samtal milli aðila hefur skilað sér í auknum skilningi og trausti. Það sem mest er um vert er að samráðið hefur skilað sér í breiðara ábyrgðar- og eignarhaldi á áætlun um byggðamál. Ánægjulegt er að sjá aukna breidd verkefna í framkominni byggðaáætlun og þátttöku fleiri ráðuneyta og hvernig ólíkar aðgerðir samþætta enn frekar stefnur og áætlanir ríkisins. Jafnframt er ánægjulegt að sjá aðgerð *A.13 Starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla*. Á Suðurlandi hefur verið í gangi samstofna tilraunaverkefni, sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS, sem unnið hefur verið af Háskólafélagi Suðurlands og Háskóla Íslands, um að koma á fagháskólanámi í leikskólafræðum. Ánægjulegt er að sjá slíkt ná fram að ganga.

Heilt yfir lýsa Samtök sunnlenskra sveitarfélaga yfir ánægju með framkomna byggðaáætlun en þó með þeim fyrirvara að skýra þarf betur fjármögnun einstakra aðgerða.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga lýsir sig reiðubúið til frekari aðkomu að gerð endanlegrar þingsályktunartillögu um byggðamál.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri